

REKSTRARSAMNINGUR:

1. gr. Almennt

Vík hses., kt. 440321-0380, byggir og mun reka íbúðakjarna ásamt þjónusturými fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Norðurþing, kt. 640169-5599, mun annast rekstur þjónustunnar. Um er að ræða þjónustukjarna með sex íbúðum fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

2. gr. Úthlutun íbúða

Vík hses. skal úthluta íbúðum í samvinnu við félagsþjónustu Norðurþings. Íbúðunum skal úthlutað til einstaklinga sem falla undir ákvæði laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

3. gr. Húsaleiga

Húsaleiga væntanlegra leigjenda, þ.e. íbúa og sveitarfélagsins, vegna sameiginlegs rýmis, þjónusturýmis og starfsmannaaðstöðu, skal miðast við að rekstur Víkur sé sjálfbær og standi undir afborgunum lána. Félagsþjónusta Norðurþings mun koma að því að tryggja að svo verði. Við útreikning á húsaleigu skal stuðst við reiknilíkan sem er hluti af umsókn um stofnstyrk frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun árið 2020. Jafnframt skal stuðst við 5. gr. reglugerðar nr. 370/2016 varðandi húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk við útreikning á húsaleigu og kostnaðarhlutdeild þjónustuaðila. En þar segir m.a. eftirfarandi:

„Kostnaðarhlutdeild þjónustuaðila og íbúa vegna húsaleigu skiptist með eftirfarandi hætti:

- a. Sú leiga sem íbúi greiðir er fyrir afnot af einkarými og hlutdeild í sameiginlegu rými í hlutfalli við fjölda íbúa. Teljist starfsmannaaðstaða jafnframt til sameiginlegs rýmis skal leggja þann fjölda starfsmanna sem eru venjulega á vakt hverju sinni við fjölda íbúa þegar hlutfall er reiknað.
 - b. Aukarými vegna fötlunar, svo sem starfsmannaaðstaða, og önnur aukin þörf á rými vegna sérstaks húsnæðisúrræðis, greiðist af þjónustuaðila, eftir atvikum samkvæmt sérstökum samningi við umráðaaðila húsnæðis.
- Þjónustuaðili skilgreinir hlutdeild íbúa í leigukostnaði vegna aukarýmisins, sbr. b-lið 3. mgr., í samráði við leigjanda."

4. gr. Vanefndir og riftun

Komi upp ágreiningur milli samningsaðila um efni samnings þessa og/eða vanefndir skulu aðilar leitast við að jafna ágreining sinn.

Ef um verulegar vanefndir á efni samnings þessa er að ræða geta aðilar rift honum fyrirvaralaust. Vanefnd samnings ber þó ávallt að tilkynna gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að bæta úr.

5. gr.
Ágreiningsmál

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.

6. gr.
Breytingar á samningi

Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi aðila.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili einu eintaki.

Norðurþingi, xx. júní 2021

F.h. Norðurþings

F.h. Víkur hses.
